



Alþingi
Fjárlaganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. maí 2024

Efni: Athugasemdir Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi við fjármálaáætlun 2025-2029

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) hafa tekið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2025-2029. Umsögninni er skipt í tvo hluta. Í fyrri hlutanum er lögð áhersla á sjávarútveg og í þeim síðari fiskeldi. Þar sem umsögn þessi er nokkuð umfangsmikil má draga áherslur SFS saman með eftirgreindum hætti:

- Jákvæð skref eru stigin í fyrirætlunum um aukna sókn í hafrannsóknum og eflingu stjórnsýslu fiskeldis. SFS hafa ítrekað bent á skort á fjármagni til þessara mikilvægu málaflokka, enda eru þeir grundvallarþættir í verðmætasköpun í bæði sjávarútvegi og fiskeldi, og þar með snar þáttur í efnahagslegri hagsæld þjóðarinnar.
- Samtökin gjalda varhug við aukinni gjaldtöku í bæði sjávarútvegi og fiskeldi. Umfang sértækrar gjaldtöku í þessum tveimur atvinnugreinum er umfram það sem þekkist hjá samkeppnisþjóðum. Treysta þarf samkeppnihæfni atvinnugreinanna tveggja og gæta þess að þær hafi ríkulegt svigrúm til fjárfestinga. Fjárfestingar leggja grunn að arðsemi og tekjum samfélagsins af þessum tveimur mikilvægu atvinnugreinum.
- Sérstaka athygli vekur að fyrirhugað sé að skipta um takt við uppbyggingu fiskeldis, með því að hverfa frá mikilvægu markmiði fyrri fjármálaáætlunar um að burðarþolsmeta 11 svæði árið 2023 og 13 svæði árið 2027. Breyting þessi er í engu samræmi við umfjöllun og niðurstöður í skýrslu Boston Consulting Group. Öðugt er að sjá hvernig stjórnvöld hyggist byggja upp mikilvægan útflutningsatvinnuveg, ef hverfa á frá fyrri markmiðum.

1. Sjávarútvegur

Í þessum hluta er í fyrsta lagi fjallað um stöðu Hafrannsóknastofnunar og þær áherslubreytingar sem boðaðar eru í fjármálaáætlun hvað þann málaflokk varðar. Því næst er stiklað á stóru um helstu þætti er varða samkeppnisstöðu sjávarútvegs sem nauðsynlegt er að hafa til hliðsjónar á öllum tímum við ákvörðunartöku er varðar greinina. Þá er vikið að þeim breytingum sem boðaðar eru á gjaldtöku af sjávarútvegi. Að endingu er vikið markmiðum stjórnvalda um kolefnishlutleysi.

Hafrannsóknir

SFS telja mikilvægt að vel sé hugað að rannsóknum á lífríki sjávar og að Hafrannsóknastofnun sé tryggt fullnægjandi fjármagn til nauðsynlegra rannsókna. Auk þess að vera forsenda sjálfbærrar nýtingar á fiskistofnum, mynda hafrannsóknir nauðsynlegan grunn að upplýsingum og kynningu á sjávarútvegi á erlendum mörkuðum, sem tryggir samkeppnishæfni atvinnugreinarinnar.

Öflugar rannsóknir eru forsenda þess að hægt sé að veita stjórnvöldum bestu vísindalegu ráðgjöf um sjálfbæra nýtingu á fiskistofnum. Þær eru jafnframt nauðsynlegar til að fylgjast með þeim breytingum sem eiga sér stað á íslenskum hafsvæðum og krefjast grunnrannsókna og aukinnar vöktunar. Samtökin telja því jákvæð skref stigin í fjármálaætlun, þar sem fyrirhugað er að auka framlög til hafrannrannsókna og fiskveiðieftirlits hækki um 700 milljónir á árunum 2025-2026 og frá og með árinu 2026 um 1.195 m.kr.

Vandaðar hafrannsóknir eru forsenda þess að auðlindin í hafinu verði nýtt á ábyrgan og sjálfbæran hátt. Útgjöld til hafrannsókna geta því skilað margföldum ávinningi. Undanfarin ár hafa SFS ítrekað lýst þungum áhyggjum af fjárskorti til rannsókna á lífríki sjávar. Starfsemi Hafrannsóknastofnunar er því miður komin í öngstræti. Nýting sjávarauðlinda og tækifæri til sölu afurða á hátt borgandi mörkuðum gera miklar kröfur til hafrannsókna og vísinda. Viðvarandi fjárskortur hefur, það sem af er þessari öld, leitt til samfellds samdráttar í rannsóknum á sviði vistfræði og haffræði og skyldra greina, en vöktun á nytjastofnum hefur eðlilega haft forgang að fjármunum. Þrátt fyrir þennan forgang þá hefur verulega vantað upp á að vöktun á nytjastofnum sé sinnt eins og best verður á kosið. Þá hafa rannsóknir á nýtingu fjölmargra minni fiskistofna ekki verið stundaðar með ásættanlegum hætti. Hér er nauðsynlegt og löngu tímabært að gerðar verði ráðstafanir með myndarlegri eflingu hafrannsókna. Hérna má t.d. nefna nauðsyn á betri vöktun mikilvægustu nytjastofna, auk „nýrra nytjastofna“ líkt og hryggleysingja, miðsjávarfiska, ljósátu og rauðátu. Aukinheldur þarf að bæta verulega í rannsóknir á flatfiskum, búsvæðarannsóknum og öðrum grunnrannsóknum, svo fátt eitt sé nefnt.

Umhverfisaðstæður á Íslandsmiðum breytast frá ári til árs og það getur haft víðtækar afleiðingar fyrir lífríkið, t.d. á útbreiðslu mikilvægra nytjastofna við landið. Tímaraðir umhverfismælinga, sem gera kröfur um úthald rannsóknaskipa, eru forsenda fyrir því að hægt sé að rannsaka sveiflur í umhverfisaðstæðum milli ára. Sömu sjónarmið eiga við um loðnurannsóknir og loðnumælingar alveg sérstaklega, eins og glögglega hefur komið í ljós á undanförunum árum (2019-2024), þar sem sjávarútvegsfyrirtæki með veiðiheimildir í loðnu hafa að verulegu leyti fjármagnað loðnuleit og loðnumælingu í samstarfi við Hafrannsóknastofnun. Einnig hefur Hafrannsóknastofnun þurft að fella niður leiðangra sem eru mikilvægir til að vakta fiskistofnana, til dæmis flatfiskarall, ungsíldarleiðangur og humarleiðangra.

Til viðbótar má nefna alþjóðlegar kröfur almennt um varúðarleið við stjórn fiskveiða og vistkerfisnálgun við stjórn fiskveiða. Á báðum þessum sviðum vantar talsvert upp á að brýnni rannsókna- og kynningarþörf sé mætt. Hér má nefna sérstaklega afmörkun verndarsvæða, auk mats á stofnstærðum sjófugla og sjávarspendýra og áhrifum meðafla við fiskveiðar á slíka stofna.

Til viðbótar við fyrrgreint gera SFS alvarlega athugasemd við það fyrirkomulag sem viðhaft er við fjármögnun á marsralli, hausralli og netaralli, þar sem greitt er fyrir rannsóknir með aflaheimildum. Framhjáataka af þessu tagi er óeðlileg og skaðleg og felur í sér soun og freistnivanda fyrir stjórnvöld. Fjármögnun vöktunarrannsókna á ekki að vera með öðrum hætti en við á um aðrar rannsóknir.

Samkeppnisstaða sjávarútvegs

Íslendingar eru meðal þeirra þjóða í heiminum sem treysta hvað mest á sjávarútveg. Hann er einn mikilvægasti grunnatvinnuvegur þjóðarinnar og gegnir lykilhlutverki í gjaldeyrisöflun þjóðarbúsins. Það er því brýnt að lagagrundvöllur sjávarútvegs sé stöðugur og fyrirsjáanlegur. Þannig er lagður grunnur að heilbrigðri atvinnugrein, sem skapar samfélaginu miklar tekjur og eflir atvinnu og byggð í landinu, án sérstaks stuðnings ríkisins.

Samkeppnissjónarmið og skattspor

Ríflega 98% af íslensku sjávarfangi er flutt úr landi og selt á mörkuðum víða um heim. Sjávarútvegur er því útflutningsgrein sem þýðir að sjávarútvegsfyrirtæki geta ekki velt innlendum kostnaðarhækkunum, sem eiga sér enga samsvörun hjá erlendum keppinautum, út í afurðaverð. Öll sú byrði endar á fyrirtækjunum sjálfum, ólíkt fyrirtækjum sem eru í samkeppni innanlands. Stjórnvöld verða því ávallt að gæta að samkeppnisstöðu sjávarútvegs á alþjóða mörkuðum þegar álögur á greinina eru ákveðnar. Þar er mikilvægt að gæta hófsemi og jafnræðis, þá sér í lagi ef markmið stjórnvalda er að auka tekjur ríkissjóðs og samfélagsins alls af sjávarútvegi.

Sérstaða íslensks sjávarútvegs

Hin alþjóðlega samkeppni í sölu á sjávarafurðum er hörð og þar má hvergi slaka á, enda aukast kröfur í sífellu um gæði, hraða, afhendingaröryggi, rekjanleika og góða umgengni við náttúru og sjálfbærni. Á þeim markaði verða stærstu íslensku sjávarútvegsfyrirtækin seint talin stór. Erlendir keppinautar eru margir hverjir margfalt stærri en öll íslensku fyrirtækin samanlögð. Flestir þessara sömu keppinauta njóta aukinheldur opinberra styrkja, niðurgreiðslna eða undanþága frá hefðbundnum sköttum sem aðrar atvinnugreinar þurfa að standa skil á í heimalandi. Íslenskur sjávarútvegur sker sig úr enda nýtur hann engrar slíkrar sérmeðferðar heima fyrir og greiðir þar að auki sérstakt gjald fyrir auðlindanýtingu, veiðigjald, sem fáheyrt er í öðrum löndum.

Veiðigjald er aðeins hluti af stóru skattspori

Í umræðunni um framlag sjávarútvegs í hina opinberu sjóði beinist athyglin iðulega að veiðigjaldi, líkt og það sé það eina sem fyrirtæki í greininni greiða í opinber gjöld. Því fer vitaskuld fjarri enda er veiðigjald bara hluti af því sem íslenskur sjávarútvegur greiðir í skatta og opinber gjöld. Það vill oft gleymast að sjávarútvegsfyrirtæki greiða skatta, eins og önnur fyrirtæki landsins. En því til viðbótar greiða þau veiðigjald sem nemur 33% af afkomu fiskveiða.

Árlega nema greiðslur íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja í opinbera sjóði tugum milljarða króna. Líkt og önnur fyrirtæki greiða þau á líðandi ári 21% tekjuskatt af hagnaði og 6,35% tryggingagjald af launum starfsmanna. Við bætist síðan sérstakt tryggingagjald vegna sjómanna, sem er 0,65% til viðbótar við

almenna tryggingagjaldið. Einnig greiða þau afla- og hafnargjöld, kolefnisgjald, skatta af eignum, mótframlag í lífeyrissjóði og ýmis gjöld tengd stéttarfélögum. Til viðbótar standa fyrirtækin skil á sköttum og gjöldum sem eru ekki gjöld þeirra sjálfrá, en grundvallast á rekstri og þeim verðmætum sem af starfsemi fyrirtækjanna hlýst með beinum hætti. Má hér nefna tekjuskatt og útsvar af launum starfsmanna, auk lífeyrisgreiðslna þeirra. Allur þessi kostnaður fyrirtækjanna er hluti af skattspori greinarinnar, sem telur alla skatta og opinber gjöld sem myndast vegna verðmætasköpunar sjávarútvegsfyrirtækja. Það gefur auga leið að veiðigjald er aðeins hluti af því.

Aðrar álögur og launakostnaður

Með hliðsjón af samkeppnishæfni þarf að huga að fleiri þáttum en veiðigjaldi. Aðrar opinberar álögur á íslensk sjávarútvegsfyrirtæki eru jafnframt mun hærri en tíðkast hjá samkeppnisaðilum. Má hér nefna kolefnisgjald sem þekkist varla í fiskveiðum annars staðar og sérstakt aflagjald, auk þess sem launatengd gjöld hér á landi eru með þeim hæstu í heimi. Ekki má heldur gleyma þeirri staðreynd að Ísland er hálaunaland í alþjóðlegum samanburði. Það þýðir að launakostnaður fyrirtækja sem hér starfa er almennt hærri en í öðrum ríkjum. Þetta má til að mynda sjá í gögnum frá Hagstofu Evrópusambandsins um launakostnað á klukkustund, sem samanstandur af launum og tengdum gjöldum. Ísland er ávallt meðal efstu þjóða þar sem launakostnaður er hvað hæstur. Þar fyrir utan er flutningskostnaður íslenskra fyrirtækja hár, sem þau bera umfram erlenda samkeppni. Þetta hefur óhjákvæmilega áhrif á samkeppnishæfni íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja á erlendum mörkuðum.

Fjárfesting skiptir sköpum

Til þess að tryggja samkeppnishæfni hafa íslensk sjávarútvegsfyrirtæki ráðist í verulegar og jafnframt nauðsynlegar fjárfestingar á flestum stigum virðisdeðjunnar. Fjárfest hefur verið í nýjum skipum og búnaði um borð, hátækni búnaði fyrir vinnslu, markaðsstarfi, nýsköpun og vöruþróun. Í raun hefur fjárfesting í íslenskum sjávarútvegi aldrei verið meiri en á undanförunum árum, sem hefur stóraukið framleiðni og skilvirkni í greininni. Í dag stendur íslenskur sjávarútvegur jafnframt í fremstu röð á heimsvísu þegar kemur að fiskveiðistjórnun og tæknistigi í sjávarútvegi. Það er einmitt þessi fjárfesting sem hefur verið undirstaða þess að íslenskur sjávarútvegur hefur getað staðist samkeppni þrátt fyrir umfangsmeiri opinbera gjaldtöku og hærri launa- og flutningskostnað en samkeppnisaðilar. Ofangreindar fjárfestingar snúa jafnframt allar að því að auka gæði, nýtingu og verðmæti, sem aftur skapa meiri heildarverðmæti úr auðlindinni fyrir þjóðarhag.

Aukin tæknivæðing er undirstaða aukinnar verðmætasköpunar og framleiðni í íslenskum sjávarútvegi, auk bættra kjara og aðbúnaðar starfsfólks. Aukin tæknivæðing hefur sannanlega fækkað störfum, en um leið gert þau verðmætari og fjölbreyttari, þar sem herra menntunarstigs er þörf. Áhrif þessara fjárfestinga eru raunar enn víðtækari, því þær hafa verið grundvöllur þess að hér á landi hafa sprottið upp fjöldi nýsköpunar- og tækniyrirtækja sem mörg hver eru í fremstu röð í heiminum í dag. Án fjárhagslegra sterkra sjávarútvegsfyrirtækja, sem hafa bolmagn til þess að fjárfesta, hefði sjávarútvegur ekki verið þessi sterki drifkraftur tækniþróunar og nýsköpunar í íslensku hagkerfi eins og raun ber vitni. Þessar fjárfestingar skila sér ekki aðeins í efnahagslegum ávinningi heldur leiða einnig til umhverfisvænni framleiðslu. Hagkvæmni af fjárfestingu verður vart áþreifanlegri en það.

Af ofangreindu má vera ljóst að verðmætasköpun í íslenskum sjávarútvegi og þau verðmæti sem verða til í kringum sjávarútveginn hafa aldrei verið meiri en á undanförunum árum. Þar skiptir svigrúm greinarinnar til þess að fjárfesta sköpum. Ef sú geta er ekki til staðar mun það hafa víðtæk og kostnaðarsöm áhrif á allt samfélagið. Þá verður tómmt mál að tala um arðbæran sjávarútveg sem eina meginstoð efnahagslegrar hagsældar á Íslandi.

Gjaldtaka af sjávarútvegi

Í fjármálaáætlun 2025-2029 er gert ráð fyrir að endurskoðun á lögum um veiðigjald, undir forystu matvælaráðuneytisins, skili auknum tekjum í ríkissjóð á tímabili áætlunarinnar. Enn er hins vegar á huldu hverjar endanlegar breytingar verða á lögum nr. 145/2018 um veiðigjald. Í frumvarpsdrögum um ný heildarlög í sjávarútvegi stóð til að hækka veiðigjald á uppsjávarfisk úr 33% af reiknistofni í 45%. Samhliða átti fella niður 10% álag á tekjur af uppsjávarfiski í reiknistofni. Þá átti einnig að fella brott núgildandi ákvæði 2. mgr. 8. gr. laga um veiðigjald, sem kvað á um að veiðigjald teldist hluti rekstrarkostnaðar sem heimilt væri að draga frá tekjuskattstofni.

SFS skiluðu inn athugasemdum við þessar breytingar í janúar í samráðsgátt. Til frekari glöggvunar hefur þeim athugasemdum verið komið fyrir í viðauka með umsögn þessari um fjármálaáætlun. Þar kemur m.a. fram að SFS telja ljóst að áhrif þessara breytinga á veiðigjald hafi lítt verið hugleiddar af hálfu matvælaráðuneytisins, enda byggja þær ekki á nokkrum greiningum. Ekkert mat var lagt á áhrif þeirra á rekstrarskilyrði eða samkeppnishæfni sjávarútvegs. Hvergi í frumvarpsdrögum var heldur að finna samanburð á því hvernig sköttum er háttað í samkeppnislöndum, þrátt fyrir augljóst mikilvægi þess við mat á samkeppnishæfni. Af þeim sökum liggur heldur engin vitneskja fyrir um möguleg áhrif þessara breytinga á tekjur ríkissjóðs eða samfélagsins alls af sjávarútvegi.

SFS telja mikilvægt að þjóðin njóti ríkulegs arðs af auðlindum landsins. Nú þegar eru tekjur ríkissjóðs af sjávarútvegi verulegar og langt umfram það sem tíðkast frá sjávarútvegi í öðrum löndum. Þessar tekjur eru jafnframt langt frá því að einskorðast við veiðigjald, enda er það aðeins hluti af því sem sjávarútvegur greiðir í skatta og opinber gjöld. Af þessu eiga stjórnvöld að huga að þegar þau tefla samkeppnishæfni sjávarútvegs í tvísýnu með skattheimtu úr hófi.

Markmið og mælikvarðar í loftslagsmálum

Í fjármálaáætlun kemur fram að stjórnvöld hafa sett sér metnaðarfull markmið um að ná 55% samdrætti í losun fyrir árið 2030 miðað við 1990 í samfloti með Noregi og ESB og að ná kolefnishlutleysi eigi síðar en 2040.

Íslenskur sjávarútvegur hefur dregið úr olíunotkun um tæp 40% frá árinu 1990. Samdrátturinn væri nær 50% ef ekki hefði komið til verulegrar skerðinga á raforku til fiskimjölsværksmiðja á liðnum tveimur árum. Nær allar fiskimjölsværksmiðjur eru rafvæddar og þær fáu sem eftir standa sæta færiss.

Sjávarútvegurinn hefur verið mjög áfram um samvinnu við stjórnvöld svo ná megi settum markmiðum í loftslagsmálum með skynsömum ákvörðunum. Loftslagsvegvisir sjávarútvegs kom til að mynda út árið 2023 þar sem leiðin til 2030 er vörðuð. Þar er að finna metnaðarfullar samstarfsaðgerðir og úrbótatilögur, þar sem fyrirtæki í sjávarútvegi eru tilbúin til að fjárfesta í orkusparandi tækni og orkuskiptum þar sem raforka er nýtt í stað jarðefnaeldsneytis.

Hlutverk stjórnvalda í þessari vegferð er einfalt; tryggja þarf framboð af raforku svo fyrirtækin geti nýtt þann orkugjafa í stað jarðefnaeldsneytis. Þá þarf að treysta innviði og skapa svigrúm til fjárfestinga með hóflegri gjaldtöku af atvinnulífi. Stöðugt og fyrirsjáanlegt starfsumhverfi fiskveiða skiptir sköpum í sjávarútvegi þegar orkuskipti kalla á fjárfrekar fjárfestingar. Gæta þarf sérstaklega að því að kröfur og markmið stjórnvalda í loftslagsmálum verði ekki til þess að draga úr getu til fjárfestinga og samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs.

Í því samhengi má nefna kolefnisgjaldið, en markmið gjaldsins er að hvetja til orkusparnaðar, notkunar vistvænni ökutækja, minni losunar gróðurhúsalofttegunda og aukinnar notkunar á innlendum orkugjöfum. Kolefnisgjaldið getur því miður haft þveröfug áhrif í sjávarútvegi – það eykur kostnað íslenskra fyrirtækja umfram það sem erlendir samkeppnisaðilar búa við en í flestum löndum eru skip undaþegin olíusköttum. Frá því að kolefnisgjaldið var fyrst lagt á árið 2010 hefur það hækkað um 360% að nafnvirði. Til samanburðar má nefna að verðlag hefur á sama tíma hækkað um 70% hér á landi, sem er til vitnis um hversu umfangsmikil hækkun hefur orðið á kolefnisgjaldinu. Slíkt dregur úr samkeppnishæfni, rýrir afkomu íslensku fyrirtækjanna og þar með svigrúm til fjárfestinga. Um leið dregur úr líkunum á því að markmiði með gjaldinu verði náð og jafnframt markmiðum stjórnvalda í loftslagsmálum. Það er brýnt að stjórnvöld tryggi það að skattar sem lagðir eru á útblástur gróðurhúsalofttegunda fari sannarlega í aðgerðir til að styðja fyrirtæki í að fjárfesta í umhverfsvænni tækni og/eða í kolefnisjöfnun á óhjákvæmilegri losun. Hinir efnahagslegu hvatar þurfa að vera rétt stilltir. Sú er því miður ekki raunin og því þarf að breyta.

Loftslagsvæn tækni mun ekki endilega ná árangri á markaðnum ein og sér. Ný tækni eða lausnir sem geta leitt okkur að kolefnislágu samfélagi er oft hvorki í nægilegri eftirspurn né framboði. Þetta gæti verið vegna þess að þau eru ekki nægilega prófuð, óþekkt á markaðnum, óarðbær, eða einfaldlega vegna þess að þau hafa ekki enn verið fundin upp. Gjöld sem lögð eru á útblástur ættu því að vera nýtt að fullu í að efla þróun og flýta fyrir nauðsynlegum breytingum með því að hrinda af stað aðgerðum sem annars hefðu ekki átt sér stað svona hratt eða jafnvel og tryggja að þessar breytingar nái fótfestu á markaðnum.

Að mati samtakanna er kolefnisgjaldið sem þegar lagt á sjávarútveg ekkert annað en tekjuöflun fyrir ríkissjóð og vandséð að skatturinn sé sérstaklega í þágu umhverfismála. Þannig hafa samtökin ekki tekið undir þá fullyrðingu sem oft er haldið fram að hækkun kolefnisgjalds sé skilvirk leið til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda, heldur hefur það þveröfug áhrif þegar kemur að losun í sjávarútvegi.

2. Fiskeldi

SFS lýsa almennri ánægju með helstu áherslur sem birtast í fjármálaáætlun og varða fyrirætlanir stjórnvalda að blása til stórsóknar til eflingar stjórnsýslu, eftirlits, leyfisveitinga og rannsókna í fiskeldi, með það að markmiði að skapa greininni skilyrði til aukinnar verðmætasköpunar með sjálfbæra nýtingu og vistkerfisnálgun að leiðarljósi. Áfram er gert ráð fyrir ríflega 2 milljarða króna hækkun fjárheimildar vegna þessara markmiða á málefnasviðinu sem fram komu í gildandi fjármálaáætlun 2024-2028. Taka má undir þau orð sem birtast í fjármálaáætlun, að forsendur fyrir vexti fiskeldis, og þar með tekjuaukningar fyrir íslenskt þjóðarþú, eru að hlúð sé að umhverfi greinarinnar m.t.t. til regluverks, stjórnsýslu, eftirlits og rannsókna. Að þessu sögðu vilja samtökin koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum er varða fiskeldi.

Boðuð hækkun fiskeldisgjalds

Í fjármálaáætlun 2025-2029 segir orðrétt á bls. 57:

„Jafnframt er gert ráð fyrir frekari hækkun fiskeldisgjalds þar sem gjaldhlutfall efsta þreps hækkar í 5% af meðaltali alþjóðlegs markaðsverðs á Atlantshafslaxi. Sú breyting er í samræmi við skýrslu Boston Consulting Group um framtíðarmöguleika í lagareldi og stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar um framkvæmd laga um fiskeldi.“

Athygli vekur að tilvitnuð áform eru efnislega samhljóða áformum sem kynnt voru í gildandi fjármálaáætlun 2024-2028, þar sem boðað var að hækka ætti gjaldhlutfall efsta þreps á hvert kílógramm slátraðs eldislax, úr 3,5% í 5% af meðaltali alþjóðlegs markaðsverðs á Atlantshafslaxi. Einhverra hluta vegna er þess þó ekki getið í fjármálaáætlun 2025-2029 eða fylgigögnum, að tilvitnuð áform hafa þegar verið afgreidd á Alþingi með fjárlögum 2024. Með breytingartillögu meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar varð úr að efsta þrep gjaldsins hækkaði í 4,3% í stað 5%, líkt og boðað hafði verið í upphaflegu frumvarpi til fjárlaga sem lagt var fram. Ekkert tillit virðist hins vegar vera tekið til þessarar afgreiðslu og niðurstöðu Alþingis í fjármálaáætlun. Endurskoðunar er því þörf að þessu leyti.

Það vekur einnig sérstaka furðu að í fjármálaáætlun sé boðuð hækkun á efsta þrepi fiskeldisgjalds í 5% á sama tíma og til meðferðar á Alþingi er stjórnarfrumvarp um lagareldi þar sem bæði er lögð til fjölgun gjaldþrepa og hækkun efsta gjaldþreps í 11%. Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega getið í fjármálaáætlun að frumvarp um heildarlög á sviði lagareldis hafi verið lagt fyrir Alþingi þann 27. mars sl. er hvergi greint frá því hvort og þá hvernig fyrirhuguð hækkun fiskeldisgjalds í fjármálaáætlun er samrýmanleg lagareldisfrumvarpinu. Þetta er því miður í takt við þann hringlandahátt sem ríkt hefur um skattheimtu af fiskeldi undanfarin ár.

Hvað sem framangreindu líður er ljóst að það stenst enga skoðun að leggja til hækkun fiskeldisgjalds með vísan til skýrslu Boston Consulting Group (BCG) og stjórnsýsluúttektar Ríkisendurskoðunar, enda eru slík áform þvert á niðurstöður tilvitnaðra greininga. Ber þar fyrst að nefna að niðurstaða skýrslu BCG er skýr um það að þegar núverandi fiskeldisgjald hefur verið að fullu innleitt árið 2026 verða „heildarskattar og

gjöld laxeldisfyrirtækja hæst á Íslandi“.¹ Síðan skýrsla BCG kom út hefur gjaldið auk þess þegar tekið verulegri hækkun, sbr. fyrri umfjöllun, auk þess sem tekjuskattur lögaðila vegna rekstrarhagnaðar ársins 2024 hefur hækkað í 21%.

Í skýrslu BCG er lögð rík áhersla á mikilvægi þess að huga að alþjóðlegri samkeppnisstöðu íslenskra fiskeldisfyrirtækja þegar kemur að skatt- og gjaldheimtu. Með hliðsjón af þeim reglum sem gilda í öðrum löndum og mikilvægi vel samsetts, sanngjarns og gagnsærs gjalda- og skattaumhverfis leggur BCG fram átta tillögur á sviði skatta- og gjaldaumhverfi greinarinnar sem íslenskum stjórnvöldum er ráðlagt að skoða í fyrirhugaðri stefnumótun um fiskeldi.² **Skemmst er frá því að segja að engin þeirra felur í sér að hækka beri gjaldhlutfall fiskeldisgjaldsins.** Þvert á móti leggur BCG til að metið verði hvort rétt sé að draga úr gjaldheimtu þannig að eldisfiskur, sem er fargað samkvæmt ákvörðun yfirvalda, sé undanþeginn gjaldtöku fiskeldisgjalds. Jafnframt er lagt til að skoðað verði hvort draga eigi úr aðgangshindrunum fyrir nýja framleiðendur með tímabundnum gjalda- eða skattaafslætti eða lægri leyfiskostnaði. Nýir aðilar geti þá fjárfest í rekstri og notið svigrúms til að ná upp arðsemi áður en gjöld og skattar falla á af fullum þunga. Enn fremur er lagt til að hvatt verði til fjárfestinga í umhverfsvænni tækni með því að bjóða tímabundinn gjalda- eða skattaafslátt eða sérstakar ívilnanir í útboðum til fyrirtækja sem nýta sér sjálfbærari eldisaðferðir.³

Sömu sögu er að segja af úttekt Ríkisendurskoðunar um stjórnsýslu sjókvíaeldis. Þar er sett fram ábending um að endurskoða þurfi lög nr. 89/2019 um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð, en sú ábending lýtur þó ekki að því að endurskoða þurfi fjárhæð gjaldsins.⁴ Þvert á móti er þar lagt til að taka þurfi til athugunar árangur Fiskeldissjóðs, ákvörðun og álagningu verðmætagjalds og hvort tilefni sé til að binda í lög slægingarstuðul svo nýta megi þau gögn sem framleiðendur skila Matvælastofnun við álagninguna. Leggja þurfi mat á hvort álagning og innheimta eigi áfram að vera á hendi Fiskistofu eða hvort fela eigi Matvælastofnun það verkefni. Hvergi er lagt til af hálfu Ríkisendurskoðunar að hækka beri gjaldhlutfall fiskeldisgjaldsins.

Með framangreint í huga er óskiljanleg sú rökleiðsla sem birtist í fjármálaáætlun, að fyrirhugað sé að leggja til hækkun hæsta þreps fiskeldisgjalds í 5% á grundvelli skýrslna BCG og Ríkisendurskoðunar. Nær liggur að af skýrslunum megi leiða að ástæða geti verið til að lækka gjaldið við tiltekna aðstæður.

Tekið skal fram að samtökin leggjast almennt ekki gegn endurskoðun fiskeldisgjaldsins, en benda á að við slíka endurskoðun verði að huga sérstaklega að áhrifum gjaldtöku á alþjóðlega samkeppnishæfni íslenskra fiskeldisfyrirtækja og horfa til fleiri þátta en bara fjárhæð gjaldsins. Ljóst er að sú hækkun sem boðuð er í fjármálaáætlun myndi skaða samkeppnishæfni þeirra gagnvart alþjóðlegum keppinautum í nálægum löndum sem ekki þurfa að standa undir sambærilegum gjöldum.⁵ Má í þeim efnum sérstaklega taka fram að nýsamþykktur auðlindaskattur á eldislax í Noregi tekur aðeins til hagnaðar sem verður vegna eldis í sjó

¹ 4.4.5 Samanburður á sköttum og gjöldum á mörkuðum, bls. 110.

² 4.4.7 Næstu skref að íhuga á grundvelli fyrirkomulags á öðrum mörkuðum, bls. 118-119.

³ Fyrstu þrjár tillögurnar lúta að úthlutunarfyrirkomulagi og hlutfalli skatta og gjalda sem renna til sveitarfélaga.

⁴ Ábending nr. 12

⁵ KPMG, Taxation of Aquaculture 2022: A country overview

og er með um 70 milljón norskra króna frítekjumark, eða um 915 milljónir íslenskra króna á meðalgengi ársins 2023. Þetta þýðir með öðrum orðum að fyrirtæki af sambærilegri stærðargráðu og íslensk fiskeldisfyrirtæki eru að stærstum hluta undanþegin skattheimtu í Noregi.

Auknar álögur á fiskeldi eru jafnframt í andstöðu við það markmið ríkisstjórnarinnar að búa íslensku fiskeldi samkeppnishæft umhverfi til að gera atvinnugreininni kleift að standa undir því fjölþætta hlutverki sem hún gegnir í íslensku samfélagi, meðal annars við að skapa atvinnu og tryggja byggðafestu.⁶

Markmið og mælikvarðar fiskeldis

Markmið um fjölda burðarþolsmetinna svæða

Líkt og í gildandi fjármálaáætlun 2024-2028 er í fjármálaáætlun 2025-2029 ekki að finna markmið um fjölda burðarþolsmetinna svæða undir fiskeldi. Þetta er fráhrarf frá þeim markmiðum sem voru sett fram í fjármálaáætlunum 2022-2026 og 2023-2027. Þar var gert ráð fyrir því að búið yrði að burðarþolsmeta 11 svæði árið 2023 og 13 svæði árið 2027. Hvers vegna horfið er frá þessari markmiðasetningu er óljóst.

Að mati samtakanna ætti að horfa aftur til þess að fjölga burðarþolsmetnum svæðum, enda er það ein af niðurstöðum skýrslu BCG að Ísland geti aukið framleiðslu með því að opna ný eldissvæði í fjörðum þar sem núverandi verndunarákvæði og strandsvæðaskipulag útiloka ekki eldi.⁷ Með því að burðarþolsmeta viðkomandi hafsvæði má öðlast grundvallar upplýsingar um getu viðkomandi hafsvæða til að taka á móti auknu lífrænu álagi, án þess að það hafi óæskileg áhrif á lífríkið og þannig að viðkomandi vatnshlot uppfylli umhverfismarkmið sem sett eru fyrir það. Hluti burðarþolsmats felst einnig í því að meta óæskileg staðbundin áhrif af eldisstarfsemi, sbr. 3. gr. laga um fiskeldi. Yfirlýst markmið um að fjölga burðarþolsmetnum svæðum, þar sem núverandi verndunarákvæði og strandsvæðisskipulag útiloka ekki eldi, fellur því vel að því markmiði fjármálaáætlunar að skapa greininni skilyrði til aukinnar verðmætasköpunar með sjálfbæra nýtingu og vistkerfisnálgun að leiðarljósi. Burðarþolsmat er jafnframt ein forsenda þess að unnt sé að úthluta eldissvæðum á grundvelli útboðs sem auglýsa skuli opinberlega, sbr. 2. og 3. mgr. 4. gr. a. laga um fiskeldi og reglugerð nr. 558/2020 um útboð eldissvæða.

Með vísan til framangreinds leggja samtökin til að áfram verði unnið að því markmiði í fjármálaáætlun, að fjölga burðarþolsmetnum svæðum.

Markmið um fjölgun árvaka

Í fjármálaáætlun eru sett fram markmið um að skapa lagareldi skilyrði til aukinnar verðmætasköpunar með sjálfbæra nýtingu og vistkerfisnálgun að leiðarljósi. Einn þeirra mælikvarða sem settur er fram í því skyni eru viðmið um fjölgun svokallaðra árvaka úr 13 árvökum árið 2024 í 17 árvaka árið 2029.

⁶ Sáttmáli um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, bls. 13

⁷ Kafli 4.6.4 Möguleikar umfram núverandi burðarþol, bls. 151

Til skýringa er árvaki myndavélabúnaður frá fyrirtækinu Vaka hf. sem sérstaklega er hannaður til að vakta árósa íslenskra laxveiðiáa. Búnaðurinn tryggir að teknar séu myndir af fiskum sem ganga í slíkar ár við staðlaða og stöðuga birtu og fjarlægð frá myndavél. Starfsmenn Hafrannsóknastofnunar vakta myndavélarnar og fylgjast með göngu fiska eftir því sem þurfa þykir. Einnig getur allur almenningur fylgst með myndstreymi í rauntíma á heimasíðu Hafrannsóknastofnunar og komið með ábendingar til stofnunarinnar. Búnaðurinn gegnir lykil hlutverki við að meta stofnstærð villtra laxa, leggja mat á fjölda laxalúsa og greina t.d. um er að ræða villtan lax, eldislax eða hnúðlax.

Vöktun með árvakabúnaði hefur af Hafrannsóknastofnun löngum verið talin ein mikilvægasta mótvægðisaðgerð sem völ er á vegna fiskeldis í sjó. Því myndu samtökin vilja sjá mun metnaðarfullri markmið um fjölgun árvaka en fjármálaáætlun ráðgerir.

* * *

SFS áskilja sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,



Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri SFS

Kafli XIII – Veiðigjald

Samkeppnissjónarmið og skattspor

Ríflega 98% af íslensku sjávarfangi er flutt úr landi og selt á mörkuðum víða um heim. Sjávarútvegur er því útflutningsgrein sem þýðir að sjávarútvegsfyrirtæki geta ekki velt innlendum kostnaðar-hækkunum, sem eiga sér enga samsvörun hjá erlendum keppinautum, út í afurðaverð. Öll sú byrði endar á fyrirtækjunum sjálfum, ólíkt fyrirtækjum sem eru í samkeppni innanlands. Stjórnvöld verða því ávallt að gæta að samkeppnisstöðu sjávarútvegs á alþjóða mörkuðum þegar álögur á greinina eru ákveðnar. Þar er mikilvægt að gæta hófsemi og jafnræðis, þá sér í lagi ef markmið stjórnvalda er að auka tekjur ríkissjóðs og samfélagsins alls af sjávarútvegi.

Sérstaða íslensks sjávarútvegs

Íslenskur sjávarútvegur á í harðri alþjóðlegri samkeppni þar sem hvergi má slaka á, enda aukast kröfur í sífellu um gæði, hraða, afhendingaröryggi, rekjanleika og góða umgengni við náttúru og sjálfbærni. Á þeim markaði verða stærstu íslensku sjávarútvegsfyrirtækin seint talin stór. Erlendir keppinautar eru margir hverjir margfalt stærri en öll íslensku fyrirtækin samanlögð. Flestir þessara sömu keppinauta njóta aukinheldur opinberra styrkja, niðurgreiðslna eða undanþága frá hefðbundnum sköttum sem aðrar atvinnugreinar þurfa að standa skil á í heimalandi. Íslenskur sjávarútvegur sker sig úr enda nýtur hann enngar slíkrar sérmeðferðar heima fyrir og greiðir þar að auki sérstakt gjald fyrir auðlindanýtingu, veiðigjald, sem fáheyrt er í öðrum löndum.


Veiðigjald er aðeins hluti af stóru skattspori

Af umræðunni hér á landi að dæma mætti ætla að eina framlag sjávarútvegs í hina opinberu sjóði sé í formi veiðigjalds. Því fer fjarri enda er veiðigjald bara hluti af því sem íslenskur sjávarútvegur greiðir í skatta og opinber gjöld. Það vill oft gleymast að sjávarútvegsfyrirtæki greiða skatta, eins og önnur fyrirtæki landsins. Því til viðbótar greiða þau veiðigjald sem nemur 33% af afkomu fiskveiða, sem er hátt hlutfall.

Á myndinni hér fyrir neðan er skattspor sjávarútvegsins rakið á árinu 2022, sem telur þá skatta og opinber gjöld sem myndast vegna verðmætasköpunar sjávarútvegsfyrirtækja á árinu. Þar má sjá að íslensk sjávarútvegsfyrirtæki greiða 20% tekjuskatt af hagnaði, líkt og önnur fyrirtæki hér á landi. Jafnframt greiða þau 6,35% tryggingargjald af launum starfsmanna, en tryggingargjald vegna sjómanna er enn hærra. Sérstök trygging vegna sjómanna er 0,65% sem bætist við tryggingargjaldið. Einnig greiða sjávarútvegsfyrirtæki afla- og hafnargjöld, kolefnisgjald, skatta af eignum, mótramlag í lífeyrissjóð og ýmis gjöld tengd stéttarfélögum. Til viðbótar innheimta fyrirtækin og standa skil á sköttum og gjöldum fyrir opinbera aðila, stéttarfélög og aðra ótengdra aðila. Má hér nefna tekjuskatt og útsvar af launum starfsmanna, auk lífeyrisgreiðslna.

Alls var skattspor sjávarútvegsins 85 milljarðar króna árið 2022. Það er ljóst að þeir 7,9 milljarðar sem veiðigjald skilaði í ríkissjóð á árinu 2022 er einungis hluti af því. Sé tekið mið af opinberum gjöldum sem

sjávarútvegsfyrirtækin greiddu af rekstri var veiðigjaldið tæplega 17%. En, það eru þessi 17% sem sjávarútvegsfyrirtæki þurfa að greiða umfram öll önnur fyrirtæki í landinu, hvort sem þau nýta auðlindir í starfsemi sinni eða ekki. Sé hins vegar tekið mið af skattspori sjávarútvegs var veiðigjaldið rúm 9%.



*Önnur gjöld: Afla- og hafnargjöld, kolefnisgjald og fasteignagjöld

Heimild: Skatturinn, Samband íslenskra sveitarfélaga, Fiskistofa, Orkustofnun og SFS

Það er allra hagur að vel gangi

Skattspor sjávarútvegs hefur eflaust aldrei verið stærra en á árinu 2022 á föstu verðalagi. Það er ekki vegna þess að fjárhæð veiðigjaldsins hafi verið sú hæsta í sögunni heldur vegna þess að það gekk vel og greinin skilaði góðri afkomu, laun sjómanna sem reiknast af aflaverðmæti voru há og laun fiskverkafólks hækkuðu. Þegar vel gengur í rekstri fyrirtækja og afkoma er góð þá skilar það sér í hærri tekjum til ríkissjóðs. Þegar laun hækka, þá hefur það ekki einungis jákvæð áhrif á hag launafólks, heldur einnig ríkissjóð, sveitarfélög, stéttarfélög og lífeyrissjóði í gegnum launatengd gjöld.


Þess ber að geta að framangreint skattspor er aðeins skattspor sjávarútvegsfyrirtækjanna sjálfra en ekki tengdra greina. Má þar nefna fyrirtæki sem þjónusta sjávarútveginn beint eða nýsköpunar- og tæknifyrirtæki sem nýta hliðarafurðir úr afla eða þróa hátæknibúnað sem snýr að meðferð á afla eða afurðavinnslu. Skattspor þessara fyrirtækja hvílir einnig á samkeppnishæfni íslensk sjávarútvegs. Yrði það meðtalið væri sporið umtalsvert stærra, enda skapa þessi fyrirtæki mikil verðmæti fyrir íslenskt samfélag.

Aðrar álögur og launakostnaður

Með hliðsjón af samkeppnishæfni þarf að huga að fleiri þáttum en veiðigjaldi. Aðrar opinberar álögur á íslensk sjávarútvegsfyrirtæki eru jafnframt mun hærri en tíðkast hjá samkeppnisaðilum. Má hér nefna kolefnisgjald sem þekktist varla í fiskveiðum annars staðar og sérstakt aflagjald, auk þess sem launatengd gjöld hér á landi eru með þeim hæstu í heimi. Þar fyrir utan er flutningskostnaður íslenskra fyrirtækja hár, sem þau bera umfram erlenda samkeppni. Þetta hefur óhjákvæmilega áhrif á samkeppnishæfni íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja á erlendum mörkuðum.

Ísland er hálaunaland í alþjóðlegum samanburði. Það þýðir að launakostnaður fyrirtækja hér er almennt hærri en í öðrum ríkjum. Þetta má til að mynda sjá í gögnum frá Hagstofu Evrópusambands-ins um launakostnað á klukkustund, sem samanstendur af launum og tengdum gjöldum. Ísland er ávallt ofarlega í röðinni yfir þau lönd þar sem launakostnaður er hvað hæstur. Árið 2022 skipaði Ísland þriðja sætið af þeim 29 Evrópulöndum sem voru til samanburðar og birtast á myndinni hér fyrir neðan.

Launakostnaður útflutningsgreina er hár og launahækkarnir jafnvel umfram það sem tíðkast annars staðar, ár eftir ár. Vitaskuld er launakostnaður mishár eftir atvinnugreinum innanlands, en hátt almennt launastig í landinu smitar út frá sér. Fyrirtæki verða að greiða samkeppnishæf laun innanlands til þess að fá fólk til starfa. Verðlag í landinu fer einnig eftir því og það hefur, eðli máls samkvæmt, áhrif á rekstrarkostnað fyrirtækjanna. Fyrirtækin þurfa því oft og tíðum að grípa til hagræðingaraðgerða til þess að draga úr kostnaði. Annað hvort með því að fækka fólki með aukinni tæknivæðingu eða flytja störf úr landi. Íslensk sjávarútvegsfyrirtæki hafa frekar farið fyrri leiðina, enda leggja þau ríka áherslu á verðmætasköpun heima fyrir.




Skýring: Allar atvinnugreinar að undanskildum landbúnaði, skógrækt, fiskveiðum, fiskeldi og opinberri stjórnsýslu
Heimild: Eurostat og Hagstofa Íslands

Fjárfesting skiptir sköpum

Til þess að tryggja samkeppnishæfni hafa íslensk sjávarútvegsfyrirtæki ráðist í verulegar og jafnframt nauðsynlegar fjárfestingar á flestum stigum virðiskeðjunnar. Fjárfest hefur verið í nýjum skipum og búnaði um borð, hátækni-búnaði fyrir vinnslu, markaðsstarfi, nýsköpun og vöruþróun. Í raun hefur fjárfesting í íslenskum sjávarútvegi aldrei verið meiri en á undanförunum árum, sem hefur stóraukið framleiðni og skilvirkni í greininni. Í dag stendur íslenskur sjávarútvegur jafnframt í fremstu röð á heimsvísu þegar kemur að fiskveiðistjórnun og tæknistigi í sjávarútvegi. Það er einmitt þessi fjárfesting sem hefur verið undirstaða þess að íslenskur sjávarútvegur hefur getað staðist samkeppni þrátt fyrir

umfangsmeiri opinbera gjaldtöku og hærri launa- og flutningskostnað en samkeppnisaðilar. Ofangreindar fjárfestingar snúa jafnframt allar að því að auka gæði, nýtingu og verðmæti, sem aftur skapa meiri heildarverðmæti úr auðlindinni.



Óumdeildur efnahagslegur ávinningur

Aukin tæknivæðing er jafnframt undirstaða aukinnar verðmætasköpunar í íslenskum sjávarútvegi og bættra kjara og aðbúnaðar starfsfólks. Aukin tæknivæðing hefur sannanlega fækkað störfum, en um leið gert þau verðmætari, þar sem hærri menntunarstigs er þörf.

Áhrif fjárfestinga og áherslu fyrirtækjanna á verðmætasköpun eru víðtæk. Hátæknibúnaður sem sjávarútvegsfyrirtæki hafa fjárfest í er að stórum hluta íslenskur. Til viðbótar bætist verðmætasköpun nýsköpunarfyrirtækja sem vinna aukin verðmæti úr hliðarafurðum. Má þar nefna sem dæmi lækningavörur, fæðubótarefni og snyrtivörur.

Verðmætasköpun Íslendingar úr sjávarauðlindinni hafa aldrei verið meiri en á undanförunum árum. Efnahagslegur ávinningur fyrir samfélagið af þessum fjárfestingum er því verulegur.


Ólíkt framlag til verðmætasköpunar

Ein helsta samkeppnisþjóð Íslendinga í framleiðslu og sölu á fiskafurðum eru Norðmenn. Ísland og Noregur eru hvoru tveggja hálaunalönd í alþjóðlegum samanburði og eins og sjá má á myndinni hér fyrir um launakostnað, þá trónir Noregur á toppnum. Það kemur því ekki á óvart hversu mikið Norðmenn flytja út af óunnum fiski til vinnslu í öðrum löndum þar sem launakostnaður er lægri, eins og til landa í Austur Evrópu og Kína.

Á sama tíma og vinnslan hér á landi hefur þróast í að skapa meiri verðmæti hafa Norðmenn dregið úr eigin vinnslu. Þessi áherslumunur landanna tveggja leiðir jafnframt til þess að skattspor sjávarútvegs hér

á landi er margfalt stærra en í Noregi. Auk þess eru afleidd áhrif sjávarútvegs á önnur fyrirtæki og samfélagið í heild sinni hlutfallslega mun meiri hér á landi.

Munur á vinnslustigi nokkurra samkeppnislanda endurspeglast ágætlega á myndinni hér fyrir neðan. Þar eru þorskafurðir til samanburðar, enda er þorskur afar þýðingarmikill fyrir íslenskt efnahagslíf. Íslendingar skera sig verulega úr, hlutur óunnins þorsks í útflutningi er langminnstur, verulegur útflutningur er á ferskum flökum, sem varla er sjáanlegur í hinum löndunum, og fjölbreytileiki í vinnslu er margfalt meiri. Af ofangreindu má vera ljóst að hægt er að fara ýmsar leiðir í verðmætasköpun og vafalaust er engin ein leið rétt fyrir öll lönd. En ef meta ætti hvaða leið skilar sem mestum þjóðhagslegum ávinningi, myndu Íslendingar skora hæst og þá með miklum yfirburðum.




Aukin framleiðni, hærri laun og meira í ríkissjóð

Íslendingar skipa sér í fremstu röð meðal þjóða heims þegar kemur að háþróaðri vinnslutækni. Þetta hefur stóraukið framleiðni og skilvirkni í fiskvinnslu hér á landi. Laun í fiskvinnslu hér á landi eru með þeim hæstu í heimi. Íslendingar skáka í það minnsta Norðmönnum ref fyrir rass í þeim efnum þrátt fyrir að launakostnaður í Noregi sé sá hæsti í Evrópu og töluvert hærri en á Íslandi þegar litið er á meðaltal atvinnugreina.

Á myndinni hér fyrir neðan má sjá laun og launatengd gjöld í fiskvinnslu á Íslandi, Noregi, Færeyjum, Grænlandi og Póllandi. Bæði laun og launatengd gjöld eru hæst á Íslandi. Lægst eru þau í Póllandi og því er ekki að undra hversu mikið af óunnum fiski er fluttur þangað. Þess má geta að tekið er mið af almennum kjarasamningum og meðaltali bónusgreiðslna á Íslandi. Af launum reiknast fjöldinn allur af launatengdum gjöldum, auk staðgreiðslu og útsvars. Þannig að hærri laun skila einnig hærri fjárhæð til ríkissjóðs, sveitarfélaga og hinna ýmsu sameiginlegu sjóða landsmanna.

Laun og launatengd gjöld í fiskvinnslu Kostnaður á virka vinnustund



Skýring: Þetta er ekki tæmandi listi yfir launakostnað, sbr. slysatrygging, vinnufatnað o.fl.

*Tímakaup inniheldur bóonus og orlof. **Sundurliðun liggur ekki fyrir

Heimild: Føroya Reiðarafelag, Royal Greenland og upplýsingar frá norskum og pólskum fyrirtækjum.

Hófleg skattheimta er allra hagar

Íslendingar eru meðal þeirra þjóða í heiminum sem treysta hvað mest á sjávarútveg. Hann er einn mikilvægasti grunnatvinnuvegur þjóðarinnar og gegnir lykilhlutverki í gjaldeyrisöflun þjóðarbúsins.

Auknar álögur á sjávarútveg, þar sem einblínt er á að auka tekjur ríkissjóðs án þess að gæta að samkeppnisstöðu greinarinnar, ganga þvert gegn markmiði um auknar tekjur. Skert samkeppnisstaða sjávarútvegs dregur úr fjárhagslegu svigrúmi greinarinnar og þar með er dregið úr nauðsynlegri fjárfestingu fyrirtækjanna. Það mun draga úr verðmætasköpun og hafa neikvæð áhrif á störf í greininni hér á landi. Áhrif þess eru ekki einungis bundin við greinina sjálfa heldur hefur það keðjuverkandi áhrif á allt hagkerfið.

Til þess að viðhalda samkeppnisstöðu þurfa sjávarútvegsfyrirtæki sífellt að sýna árvekni og leita nýrra leiða til að auka verðmætasköpun. Þar skiptir fjárhagslegt svigrúm fyrirtækjanna til fjárfestinga sköpum. Það er því mikilvægt að stjórnvöld treysti þann jarðveg, en grafi ekki undan honum.

Gjaldtaka af sjávarútvegi

Samkvæmt frumvarpsdrögum stendur ekki til að breyta markmiðum veiðigjalds. Eftir sem áður verður gjaldtökunni ætlað að mæta kostnaði ríkisins við rannsóknir, stjórn, eftirlit og umsjón með fiskveiðum og fiskvinnslu annars vegar og hins vegar að tryggja þjóðinni í heild beina og sýnilega hlutdeild í afkomu við veiðar á nytjastofnum sjávar eins og kveðið er á um í 1. gr. laga nr. 145/2018 um veiðigjald og í markmiðs-ákvæði 2. mgr. 73. gr. frumvarpsdraganna.

Í frumvarpsdrögum stendur aftur á móti til að gera breytingar á veiðigjaldi sem skipta má í tvo þætti:⁸

⁸ Þá er óátalin skattlagning með svokallaðri innviðaleið, en um hana er fjallað í fyrr í þessari umsögn í tengslum við 5,3% í félagslegu kerfi.

- Hækka á veiðigjald á uppsjávarfisk úr 33% af reiknistofni í 45%. Samhliða er felld niður 10% álag á tekjur af uppsjávarfiski í reiknistofni.
- Felld verði á brott núgildandi ákvæði 2. mgr. 8. gr. laga nr. 145/2018 um að veiðigjald teljist hluti rekstrarkostnaðar sem heimilt er að draga frá tekjuskattstofni.

Breytingar í þessar veru voru ekki hluti bráðabirgðatillagna eða endanlegra tillagna í tengslum við *Auðlindina okkar*. Þessar breytingar á veiðigjaldi eru nú sagðar vera niðurstaða úr vinnu matvælaráðuneytisins, sem hafði það að stefnu að uppfylla skilyrði fjármálaáætlunar 2024-2028. Því er rétt að rifja upp það sem segir orðrétt í fjármálaáætluninni:

„Fyrir höndum er endurskoðun á lögum um veiðigjald undir forystu matvælaráðuneytisins. Sú endurskoðun er unnin í samhengi við verkefnið Auðlindin okkar sem matvælaráðherra setti af stað um mitt ár 2022 til að greina áskoranir og tækfæri í sjávarútvegi og tengdum greinum. Fram undan er frekari greining á mismunandi útfærslum á veiðigjaldi með það fyrir augum að einfalda keiði en um leið að hækka veiðigjald á stærri samþættar útgerðir en á móti að hækka frítekjumark til hagsbóta fyrir litlar og meðalstórar útgerðir. Áætlað er að þessar breytingar skili auknum tekjum í ríkissjóð frá og með árinu 2025.“

Með hliðsjón af ofangreindu má vera ljóst að matvælaráðuneytið breytti í grundvallaratriðum um stefnu, enda eru þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpsdrögum ekki í samræmi við það sem lagt var upp með í fjármálaáætlun. Ekki verður heldur séð að nokkur greining hafi farið fram á mismunandi útfærslum á veiðigjaldi, með mati á áhrifum þeirra. Það skýtur því skökku við að nú sé lögð til tilviljanakennd, en umfangsmikil, breyting á veiðigjaldi.

Vekja má athygli á því að í verkefninu *Auðlindin okkar* var nokkuð rætt um vilja til að einfalda veiðigjaldið. Var þar aðallega hugað að þeim möguleika að veiðigjald yrði í grunninn hlutfall af aflaverðmæti. Í skýrslunni *Sjálfbær sjávarútvegur* var um þessa tillögu fjallað og talið sérstaklega mikilvægt að gera ítarlegar greiningar á slíkri leið og áhrifum hennar í samanburði við gildandi gjaldtöku. Slík vinna fór aldrei fram og ráðuneytið virðist hafa horfið frá þessari tillögu, án frekari umræðu. Hvorki var það tillaga starfshópa né varð það umræða í svokölluðum samráðshópi að leggja til umfangsmikla breytingu á veiðigjaldi, sem myndi auka skattbyrði allra sjávarútvegsfyrirtækja til muna og auka enn á sveiflur í rekstri fyrirtækja.

SFS telja ljóst að áhrif þessara breytinga á veiðigjaldi hafi lítt verið hugleiddar og byggja ekki á nokkrum greiningum sem á er að treysta. Ekkert mat hefur verið lagt á áhrif þeirra á rekstrarskilyrði og samkeppnishæfni sjávarútvegs. Af þeim sökum liggur heldur engin vitneskja fyrir um möguleg áhrif á störf í greininni eða áhrif á tekjur ríkissjóðs.

Hvergi í frumvarpsdrögum er að finna samanburð á því hvernig sköttum er háttað í samkeppnis-löndum, þrátt fyrir augljóst mikilvægi þess við mat á samkeppnishæfni. Nú þegar eru opinberar álögur á íslenskan sjávarútveg langtum hærrí en á sjávarútveg í samkeppnislöndum. SFS lýsa því verulegum vonbrigðum með þessar fyrirætlanir og telja brýnt að koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri er víkja að hinni auknu gjaldtöku. Þeim er skipt í tvennt; fyrst eru gerðar athugasemdir við þá breytingu að telja veiðigjald ekki til rekstrarkostnaðar og svo við þá breytingu sem fyrirhuguð er á veiðigjaldi á uppsjávartegundir.

Veiðigjald ekki lengur rekstrarkostnaður

Samkvæmt gildandi lögum telst veiðigjald hluti rekstrarkostnaðar, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 145/2018 um veiðigjald. Er þar átt við rekstrarkostnað í skilningi 1. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, það er „þau gjöld sem eiga á árinu að ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við, þar á meðal iðgjöld í lífeyrissjóði starfsmanna, vexti af skuldum, afföll, gengistöp, niðurfærslu og fyrningu eigna, eftir því sem nánar er ákveðið í [lögum nr. 90/2003], og það sem varið er til tryggingar og viðhalds á eignum þeim sem arð bera í rekstrinum.“ Í þessu felst að unnt er að draga veiðigjald frá tekjum og þau hafa þar með áhrif á tekjuskattstofn sjávarútvegsfyrirtækjanna. Almennt ber það undir skattaðila að sýna fram á að skilyrðum frádráttar samkvæmt 1. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003 sé fullnægt, það er að um rekstrarkostnað sé að ræða, en í tilvikum veiðigjalds hefur löggjafinn tekið af allan vafa um að þau teljist til frádráttarbærs rekstrarkostnaðar með því að tilgreina það sérstaklega í lögum. Þetta verður að teljast eðlilegt, enda er greiðsla veiðigjalds forsenda þess að sjávarútvegsfyrirtæki geti aflað tekna af starfsemi sinni og þar með greitt tekjuskatt. Fyrirtækin þurfa eðlilega að verða sér úti um hráefni til framleiðslu sinnar og ljóst er að fiskur er ekki veiddur nema að greiða af honum gjald. Í raun eru fáir skattar eða aðrar opinberar álögur sem eru jafn beintengd rekstri og veiðigjald, sem á því ótvírætt að teljast til rekstrarkostnaðar.

20% hækkun á veiðigjaldi


Það að afnema gildandi reglu um að veiðigjald teljist til rekstrarkostnaðar felur í sér veigamikla breytingu á rekstrarforsendum sjávarútvegsfyrirtækja. Breytingin hækkar tekjuskattstofn sjávarútvegsfyrirtækja sem nemur þeirri fjárhæð sem fyrirtækin greiða í veiðigjald ár hvert. Það eykur því skattbyrði allra sjávarútvegsfyrirtækja sem nemur um 20%⁹ af þeirri fjárhæð sem þau greiða í veiðigjald.

Þar sem veiðigjald verður ekki lengur frádráttarbært mun virkt tekjuskattshlutfall sjávarútvegsfyrirtækja því hækka töluvert. Það hlutfall verður síðan breytilegt á milli ára og fyrirtækja þar sem það er háð afkomu og fjárhæð veiðigjaldsins á hverju ári. Á myndinni hér fyrir neðan má sjá hvaða áhrif þessi breyting hefði haft á tekjuskatt sjávarútvegsfyrirtækja á árunum 2013 til 2022, að öðru óbreyttu.¹⁰ Hefði veiðigjald ekki verið frádráttarbært á þessu tímabili hefði virkt tekjuskattshlutfall fyrirtækjanna að jafnaði verið á bilinu 22,5% til 29,4%. Jafnframt má sjá að það hefði vegið hvað þyngst á árinu 2018 þegar afkoma í sjávarútvegi var einna lökust á tímabilinu og veiðigjald hæst. Þetta mun því magna upp sveiflur í skattheimtu og óvissu í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja, sem nú þegar eru miklar.

Verði tillagan í frumvarpsdrögum samþykkt má vera ljóst að skattbyrði allra sjávarútvegsfyrirtækja muni aukast umtalsvert. Það mun hafa neikvæð áhrif á starfsemi allra fyrirtækja, hvort heldur þau teljist stór eða smá. Sjávarútvegur mun því ekki aðeins vera ein atvinnugreina, ásamt fiskeldi, til að bera auðlindaskatt, heldur mun greinin einnig bera hærri tekjuskatt en aðrar atvinnugreinar, þó að fjármálafyrirtækjum undanskildum í einhverjum tilvikum. En, ólíkt fjármálafyrirtækjum, þá leggst skattbyrðin öll á fyrirtækin sjálf þar sem þau geta ekki velt slíkri kostnaðarhækkun út í verð afurða sinna.

⁹ Að því gefnu að hækkun tekjuskatts á lögaðila úr 20% í 21% sé aðeins tímabundin til eins árs, þ.e. vegna rekstrarhagnaðar ársins 2024.

¹⁰ Að öðru óbreyttu vísar til þess að þetta hefði ekki rýrt afkomu sjávarútvegsfyrirtækja á þessu tímabili. Það er þó vissulega óraunhæf forsenda.



Heimild: Upplýsingar um fjárhæð tekjuskatts eru frá Skattinum

Á ótvírætt að teljast til rekstrarkostnaðar

Í athugasemdum við 78. gr. frumvarpsdraganna er breytingin rakin til dóms Hæstaréttar frá 23. mars 2017 í máli nr. 213/2016, þar sem því var slegið föstu að veiðigjald sé skattur jafnvel þótt það feli í sér endurgjald fyrir nýtingu á þeirri þjóðareign, sem nytjastofnar á Íslandsmiðum eru. Er þar horft til hinnar rúmu skilgreiningar á skatthugtakinu sem leiðir af 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar. Þá er sérstaklega tiltekið í frumvarpsdrögum að veiðigjald sé ekki kostnaður eins og við kaup á aðföngum eða annar rekstrarkostnaður sem eðlilegt sé að draga frá tekjuskattsstofni. Af umfjöllun við ákvæðið í frumvarpsdrögum mætti þó ætla að umrædd breytingartilgáa sé óhjákvæmileg afleiðing af niðurstöðu Hæstaréttar í framangreindu máli.

SFS gerir alvarlegar athugasemdir við þennan máltilbúnað og bendir jafnframt á að niðurstaða Hæstaréttar í máli nr. 213/2016 lá fyrir þegar gildandi lög um veiðigjald voru samþykkt á Alþingi. Raunar er sérstaklega vísað í dóminn í athugasemdum frumvarps til gildandi laga, en ekkert bendir til þess að niðurstaðan hafi staðið í vegi fyrir því að veiðigjald teldist áfram til rekstrarkostnaðar eins og verið hafði. Umrædd breyting verður því ekki réttlætt með því að benda á dóm Hæstaréttar. Þrátt fyrir að veiðigjaldið teljist skattur í skilningi stjórnarskrár, sem er raunar óumdeilt, þá er því öðrum þræði ætlað að fela í sér endurgjald fyrir nýtingu á fiskistofnum þeim sem tekjur útgerðanna byggja á, eins áréttað er í umræddum hæstaréttardómi. Engin lagaleg rök standa þess vegna í vegi fyrir því að Alþingi ákveði að veiðigjaldið teljist rekstrarkostnaður, jafnvel þó svo það teljist skattur í hinum rúma skilningi stjórnarskrár.

Pólitísk ákvörðun

Að þessu virtu telja SFS augljóst að áformaður aðskilnaður veiðigjalds frá öðrum rekstrarkostnaði, sé fyrst og fremst af pólitískum toga, þar sem áhrif þeirra á rekstrarskilyrði sjávarútvegsfyrirtækja og þar með á tekjur samfélagsins af sjávarútvegi eru látin liggja á milli hluta. Til stuðnings þeirri ályktun samtakanna má vísa til kafla 6.3.1., sem má finna á blaðsíðu 87 í frumvarpsdrögum, en þar segir orðrétt:

„(Á þessu stigi liggja ekki fyrir gögn um áætlaða hækkun tekjuskatts vegna niðurfellingar [heimildar] til að draga veiðigjald frá tekjuskattsstcfni.)“

Enga frekari umfjöllun, greiningar eða mat er að finna á hinni viðurhlutamiklu tillögu til breytinga á skattheimtunni. Samkvæmt þessu virðist ráðuneytið heldur engan veginn átta sig á umfangi þessara breytinga og enn síður hvað þær þýða fyrir rekstrarskilyrði sjávarútvegsfyrirtækja. Samtökin telja alls ótækt að auka skattbyrði á fyrirtæki án þess að fyrir liggja nokkur greining á því hvaða áhrif aukningin hefur á samkeppnisskilyrði sjávarútvegs og starfsemi sjávarútvegsfyrirtækja í landinu. Án slíkrar greiningar geta hvorki hagaðilar né löggjafinn tekið upplýsta afstöðu til þess hver áhrifin yrðu á tekjur ríkissjóðs, sjávarútvegsfyrirtæki, störf í sjávarútvegi, samþjöppun eða hina stærri þjóðhagslegu mynd.

Veiðigjaldi á uppsjávarfisk breytt

Samkvæmt frumvarpsdrögum stendur til að hækka veiðigjald á uppsjávarfisk úr 33% af reiknistofni í 45%. Samhliða er fellt niður 10% álag á tekjur uppsjávarfisks í reiknistofni. SFS ítreka að hringlanda-háttur í skattheimtu er ekki til þess fallinn að auka tekjur ríkissjóðs, þvert á móti. SFS telja því rétt að víkja að nokkrum þáttum sem mikilvægt er að hafa í huga þegar litið er á tekjur ríkissjóðs af veiðigjaldi af uppsjávartegundum undanfarin ár og fram á veginn.

Sveiflur í afla og afkomu


Rekstur í sjávarútvegi er í eðli sínu afar sveiflukennndur og mörgum óvissuþáttum háður. Óvissan er allt frá mati á stærð fiskistofna og vísindalegri veiðiráðgjöf, sem er grundvöllur að ákvörðun stjórnvalda um leyfilegan heildarafla hvers árs, til ástands á mörkuðum erlendis, sem markast bæði af efnahagslegum og pólitískum þáttum. Aðstæður í íslenskum sjávarútvegi eru því síbreytilegar og afar sjaldgæft er að eitt ár endurspegli annað. Það á bæði við um afla og afkomu. Mikilvægt er því að horfa til langs tíma þegar meta á áhrif einstakra breytinga á gjaldtöku. Það er því miður ekki raunin í fyrirliggjandi frumvarpsdrögum.

Brellin loðna

Til frekari skýringa á sveiflum í afla og afkomu í uppsjávarveiðum er ágætt að skoða loðnuveiðar. Brellin loðnan var einmitt stærsta ástæða þess að tekjur ríkissjóðs voru heldur minni en almennt hefur tíðkast af uppsjávarfiski á tímabilinu 2019-2022. Loðnubrestur varð á árunum 2019 og 2020 sem leiddi ekki aðeins til þess að ríkissjóður fékk engar tekjur af veiðigjaldi af loðnu þau ár, heldur einnig árin 2021 og 2022. Veiðigjald á þessum tveimur árum byggðist á afkomu fiskveiða árin sem loðnu-brestur var. Og þegar engin loðna veiðist, þá er eðli máls samkvæmt engin afkoma af veiðunum. Tímabilið 2019-2022 var því að mörgu leyti afar sérstakt. Þetta endurspeglast jafnframt ágætlega á myndinni hér fyrir neðan, en fjárhæð veiðigjalds er einfaldlega margfeldi af afla og þeirrar uppæðar sem fyrirtækin þurfa að greiða í veiðigjald.

Það má ekki líta framhjá þeirri staðreynd að loðnubrestur kemur harðast niður á fyrirtækjunum sjálfum. Þau þurfa að endurskipuleggja starfsemi sína upp á nýtt og finna næg verkefni fyrir starfsfólk, auk þess að sitja uppi með margra milljarða króna ónotaða fjárfestingu. Það þarf fjárhagslega sterk fyrirtæki, sem hafa bolmagn til þess að takast á við svo ófyrirsjáanleg rekstrarskilyrði. Hin mikla áhersla á breytingu á veiðigjaldi af uppsjávarveiðum skýtur því skökku við.

Veiðigjald af loðnu fyrir árið 2023 miðast við afkomu af loðnuveiðum á árinu 2021. Loðnuvertíðin á árinu 2021 var vel heppnuð og skilaði góðri afkomu. Af þeirri ástæðu bar að greiða 5,54 krónur fyrir hvert kíló sem landað var af loðnu á árinu 2023, sem er hæsta krónutala í veiðigjald á loðnu frá upphafi. Og þar sem loðnuafli íslenskra fiskiskipa endaði í 326 þúsund tonnum á árinu 2023, enduðu tekjur ríkissjóðs af veiðigjaldi á loðnu í 1.805 milljónum króna og hafa loðnuveiðar aldrei skilað hærri fjárhæð í veiðigjald. Upphæð veiðigjalds á loðnu í ár er 3,91 króna á kíló. Mikil óvissa er þó með hverjar tekjur ríkissjóðs verða af loðnuveiðum í ár, enda er enn sem komið er óvíst hvort að nokkur loðnukvóti verði gefinn út. Raunveruleikinn er sá að erfið ár í uppsjávarveiðum munu endurtaka sig og hringlanda-háttur í skattheimtu eykur enn á annars mikla óvissu.



Sérstakt ástand sem á sér enga hliðstæðu

Ástandið á mörkuðum með loðnuafurðir á árinu 2021 var jafnframt afar sérstakt, sem helgaðist af loðnubrestinum árin 2019 og 2020 og þeim skorti sem hann leiddi til á framboði loðnuafurða. Þessi staða leiddi til hærri verðs á loðnuafurðum, sér í lagi á loðnuhrognum sem eru verðmætustu afurðirnar. Þar sem loðnukvótinn sem íslensku fyrirtækin fengu úthlutað á fiskveiðiárinu 2020/2021 var ekki stór, eða rétt tæp 71 þúsund tonn, gætti þessara áhrifa því einnig árið eftir þegar stórum loðnukvóta var úthlutað. Þetta ástand á mörkuðum á sér enga hliðstæðu í sögulegu samhengi og hafði eðlilega áhrif á afkomu uppsjávarfyrirtækja á árunum 2021 og 2022.

Ekki er allt sem sýnist

Í kafla 4.4. í frumvarpsdrögum koma síðan fram frekari sjónarmið sem liggja að baki breytingu á veiðigjaldi uppsjávarfisks. Þar segir:

„Fyrir liggur að framlegð vegna veiða blandaðra uppsjávar- og botnfiskútgerða er [marktækt] meiri en af öðrum veiðum og hefur hækkað á undanförunum árum. Að baki tillögnum þúa m.a. þau sjónarmið að þeir sem hafa meiri aðgang að hinni takmörkuðu

auðlind sem er í sameign þjóðarinnar og hafa meira upp úr þeim veiðum greiði meira fyrir hana.“

Það er vissulega rétt að framlegð blandaðra sjávarútvegsfyrirtækja hafi verið meiri á undanförunum árum. Í flokki blandaðra félaga eru einungis stór sjávarútvegsfyrirtæki sem hafa dreifðari áhættu en önnur fyrirtæki og eru komin hvað lengst í tæknivæðingu. Þar með er ekkert óeðlilegt við það að framlegð þeirra sé eitthvað hærra, en óljóst samhengi er á milli þeirrar stöðu og aðgangans að sjávarauðlindinni. Árin 2021 og 2022 eru aukin heldur sérstök, bæði vegna ofangreinds ástands á mörkuðum með loðnuafurðir og mikils niðurskurðar í þorski á þessu tímabili. Víðtækar ályktanir, sem dregnar eru af stuttu og óvenjulegu tímabili án þess að líta til undirliggjandi áhrifaþátta og greina hvað búi að baki, eru síst til þess fallnar að auka trúverðugleika þeirra tillagna sem hér eru lagðar til.

Það vill oft gleymast að fjárbinding er veruleg hjá uppsjávarfyrirtækjum, en í frumvarpsdrögum er að engu vikið að þeim mikilvæga þætti. Uppsjávarfyrirtækin hafa einmitt staðið í umfangsmiklum fjárfestingum á undanförunum árum, líkt og önnur sjávarútvegsfyrirtæki. Veruleg endurnýjun hefur orðið á skipaflotanum og búnaði um borð og mikil fjárfesting hefur orðið í hátækni búnaði í vinnslum, sem hefur stóraukið framleiðni og verðmætasköpun í sjávarútvegi. Fram hjá þessu er ekki hægt að horfa.

Vanmat ráðuneytis á veiðigjaldi

Áætla má að tekjur ríkissjóðs af veiðigjaldi af uppsjávarveiðum hafi verið ríflega 3,6 milljarðar króna á árinu 2023. Það er veruleg aukning frá fyrra ári þegar þær námu tæpum 2 milljörðum króna. Langstærsta ástæðan er loðnan, en þó munar einnig um auknar tekjur af veiðigjaldi af kolmunna-veiðum. Á móti þessari aukningu vega minni tekjur af veiðigjaldi af síldar- og makrílveiðum.

Í töflu 3 í kafla 6.3.1. í frumvarpsdrögum má sjá að matvælaráðuneytið reiknaði með 3 milljörðum króna í veiðigjald af uppsjávarfiski á árinu 2023 og því ljóst að um verulegt vanmat var að ræða. Vissulega er eðlilegt að mat sé frábrugðið útkomu, en á hinn bóginn sætir það furðu að ráðuneytið hafi á þessum tímamarki vanmetið svo stórlega fjárhæð veiðigjalds af uppsjávarfiski. Frumvarpsdrögin voru birt 24. nóvember, sem er um mánuði eftir að Fiskistofa birti upplýsingar um fjárhæð veiðigjalds á fyrstu 9 mánuðum ársins. Þá var fjárhæð veiðigjalds af uppsjávarfiski þegar komin í rúma 3,2 milljarða króna og ljóst að töluvert átti eftir að bætast við vegna síldar- og kolmunnaveiða.

Óljóst er hvaða þýðingu tafla 3 í kafla 6.3.1 í frumvarpsdrögum hefur. Ef hún á að endurspegla mat ráðuneytisins á tekjum ríkissjóðs af veiðigjaldi ef breytingar eru gerðar á því hlutfalli sem tekið er af komu fiskveiða í veiðigjald, þá er ráðuneytið á villigötum. Því fer fjarri að hærra skattar leiði óhjákvæmilega til aukinna tekna ríkissjóðs.

Að lokum

SFS telja mikilvægt að þjóðin njóti arðs af auðlindum landsins. Nú þegar eru tekjur ríkissjóðs og samfélagsins alls af sjávarútvegi verulegar og langt umfram það sem tíðkast frá sjávarútvegi í öðrum löndum. Þessar tekjur eru jafnframt fjarri því að einskorðast við veiðigjaldið, enda er það aðeins hluti af því sem sjávarútvegur greiðir í skatta og opinber gjöld. Af þessu eiga stjórnvöld að huga að þegar þau

tefla samkeppnishæfni sjávarútvegs í tvísýnu með aukinni skattheimtu án nokkurra greininga eða mati á áhrifum.

Að þessu sögðu, telja samtökin verulega misráðið að ráðast í verulega hækkun gjaldtöku með því að afnema gildandi reglu um að veiðigjald sé frádráttarbær rekstrarkostnaður í tekjuskattstofni, auk þess sem framkvæma þarf til muna ítarlegra mat á áhrifum breytinga á veiðigjaldi við uppsjávarveiðar. Óvarlegt er að draga víðtækar ályktanir um skattheimtu fram veginn af tímabili sem getur aldrei endurspeglað hefðbundið ástand við uppsjávarveiðar.